



Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar
Norðurhella 2,
221 Hafnarfjörður

Reykjavík 04.04.22

Efni: Umsögn Veitna vegna breytinga á deiliskipulaginu Suðurhelli 12-14 og Norðurhelli 13-19

Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar auglýsir breytingu á deiliskipulagi við Suðurhelli 12-14 og Norðurhelli 13-19. Breytingin felst í að á Norðurhelli 13-19 er heimilað að vera með 67 íbúðir í þegar byggðum húsum. Á lóðunum er gert ráð fyrir leiksvæðum, sorp- og hjólageymslum. Við Suðurhelli 12-20 er gert ráð fyrir 132 íbúðum í fimm nýjum fjölbýlishúsum, 4-6 hæða.

Veitur eiga og reka dreifikerfi hitaveitu á svæðinu og gera eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

Þar sem um mikla aukningu á byggingarmagni er að ræða benda Veitur á að svera þarf upp stofnlögn hitaveitu. Veitur benda einnig á að hitaveitulögn er frá 2006 og að kostanaður við framkvæmdina fer eftir samkomulagi um kostnaðarskiptingu og aldri lagna.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi þess að deiliskipulagið verði unnið í góðu samráði og að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar svo hægt sé að ger víðeigandi ráðstafanir.

Virðingarfyllst,

Helga Rún Guðmundsdóttir